

Bólusetning til óbóta

Hið hörmulega stríð í Úkraínu hefur beint sjónum almennings frá bólusetningastríði yfirvalda og lyfjafyrirtækja, sem leggja sig í líma við að þagga niður upplýsingar, umræðu og staðreyndir um aukaverkanir þeirra.

En það að fjölgar stöðugt þeim rannsóknum, sem benda til þess – sem viti bornir veirufræðingar óttuðust – að covid-19 bólusetningar ynnu í raun gegn yfirlýstum tilgangi eins og fólk vafalítið er farið að renna grun í – jafnvel harðir covid-19-bólusetningartrúmenn.

Hér greinir Steve Kirsch frá yfirlitsrannsókn, sem hefur farið afar hljótt. Skoðaðar eru niðurstöður staðtalna frá 145 ríkjum.

Úrdráttur rannsóknar og niðurstaðna er á þessa leið: Yfirþyrmandi orsakasamhengi bólusetningar og dánartíðni almennt og sem hlutfalli af milljón andlátum, ætti að valda valdamönnum verulegum áhyggjum. Þetta bendir til verulegrar aukningar í covid-19-tengdum sjúkdómstilvikum og tilvikum, sem beinlínis má rekja til bólusetningarinnar. En hún var eins og kunnugt er „seld“ almúganum sem „lykill að endurheimt frelsisins.“

Í grein Steve má finna krækjur á fleiri rannsókni, sem leitt hafa til svipaðrar niðurstöðu.

Einnig er fjallað um klíniskar rannsóknir Arne Burkhardt, sem hefur, ásamt Sucharit Bhakdi, skrifað grein um þessar rannsóknir. Þær leiddu í ljós, að langflestir þeirra, sem látist höfðu úr covid-19 samkvæmt lækniúrskurði, létust í raun af völdum bóluefnanna. Þeir voru á aldrinum 28 til 95 ára. Krufning var gerð að beiðni ástvina.

Aukin heldur fylgir myndskaið um vitnisburð fertugrar suður-afrískrar konu, Terrence Munsamy, sem bar vitni í alþýðuréttarhöldunum fyrir skömmu, þ.e. 19. febrúar, þar fjallað var um bólusetningu og sálrænan hernað. Hann er vægast sagt skelfilegur.

Hún hefur einkenni ristils (shingles), sem er „bráður veirusjúkdómur í skyntaugum; lýsir sér í útbrotum á afmörkuð- um svæðum á bol eða útlimum.“ (snara.si) Svo lýst á heilsuveru.is:

Ristill (e. shingles) er smitsjúkdómur sem eingöngu kemur fram hjá þeim sem hafa fengið [hlaupabólu](#). Hann veldur sársaukafullum útbrotum í húð, oftast á öðrum helmingi líkamans og er eins og band eða belti í laginu.

Fyrstu einkenni:

- Kláði, verkir og sviðatilfinning á því húðsvæði sem blöðrurnar koma fram
- Húð verður viðkvæm fyrir snertingu
- Hiti, slappleiki og höfuðverkur áður en útbrot koma fram

Eftir einn til þrjá daga:

- Roði þar sem verkir eru
- Blöðrur sem eru tærar í fyrstu en dökkna síðar.
- Blöðrurnar valda verkjum og kláða og koma oftast á annarri hlið líkamans eins og belti

Eftir þrjá til fjóra daga:

- Opnast sárin og vökvi fer úr blöðrum. Á þessum tíma geta sárin sýkst

Eftir sjö til tíu daga:

- Sár fara að gróa og hrúður myndast
- Útbrotin hverfa yfirleitt eftir þrjár til fjórar vikur en ör og breytingar á húðlit geta varað lengur

Ristill getur stundum sest á augað. Þá verður augað rautt, þurrt, viðkvæmt fyrir ljósi, þokusýn eða tvísýni. Verkir í auganu geta fylgt ristli í auga.

Börn sem fá ristil fá eins útbrot og fullorðnir en yfirleitt vægari einkenni.

Smitleiðir

Eftir [hlaupabólu](#) lifir veiran áfram í líkamanum. Hún liggur í dvala en getur komið fram aftur og valdið ristli.

Ristill getur komið fram á öllum aldri en er algengastur hjá 50 ára og eldri. Einkenni eru meiri eftir því sem fólk er eldra. Ristill er algengari hjá fólki með veikt ónæmiskerfi. Möguleiki er að fá ristil oftari en einu sinn en það er þó sjaldgæft.

Sá sem hefur ristil getur smitað þá sem ekki hafa fengið [hlaupabólu](#) á meðan blöðrur eru til staðar. Eftir að blöðrur eru orðnar þurrar og þaktar hrúðri er viðkomandi ekki lengur smitandi.

Þeir sem bólusettil eru gegn [hlaupabólu](#) eru ólíklegri til að fá ristil síðar á ævinni en þeir sem veikst hafa af [hlaupabólu](#)."

<https://dailyexpose.uk/2022/03/12/vaccine-injured-constant-unbearable-pain-due-to-pfizer/>

<https://grand-jury.net/>

<https://doctors4covidethics.org/on-covid-vaccines-why-they-cannot-work-and-irrefutable-evidence-of-their-causative-role-in-deaths-after-vaccination/>

<https://www.bitchute.com/video/fHIT55iM4Zv9/>

<https://stevekirsch.substack.com/p/bhaktiburkhardt-pathology-results?s=r>

https://vector-news.github.io/editorials/CausalAnalysisReport_html.html

https://stevekirsch.substack.com/p/new-big-data-study-of-145-countries?utm_source=substack&utm_campaign=post_embed&utm_medium=email&s=r